



**Forsætisráðuneytið
b/t Páls Þórhallssonar
Skrifstofustjóra
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík**

Reykjavík, 3. nóvember 2010.

Efni: Drög að frumvarpi til upplýsingalaga.

Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind drög sem fela í sér endurskoðun á upplýsingalögum.

Ofangreint frumvarp felur í sér nokkrar breytingar á núgildandi upplýsingalögum. Ekki verður farið ítarlega yfir þær breytingar sem lagðar eru til hér og ekki gerðar sérstakar athugasemdir við þær flestar enda eru þær mestmegnis aðlögum laganna að þeirri þróum sem hefur átt sér stað. Viðskiptaráð telur þó ástæðu til að gera örfáar athugasemdir við fyrsta kafla frumvarpsins og þær breytingar sem þar eru lagðar til.

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við að ekki sé gengið alla leið með skyldu til birtingar upplýsinga og niðurstöðu mála sem eru til meðferðar á vefsíðum opinberra aðila. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að stjórnvöld vinni að því að gera mikilvæg gögn og upplýsingar aðgengileg á vefsíðum sínum en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að „*ekki er tímabært að leggja þá skyldu með almennum hætti á stjórnvöld að þau birti lista yfir mál sem þau hafa eða hafa haft til meðferðar, svo dæmi sé tekið, og álitamál hvort slík leið sé almennt farsæl um mótun upplýsingaréttar almennings.*“ Þessu er mótmælt og telur ráðið að full ástæða sé til að ganga alla leið með skyldu opinberra aðila til að birta upplýsingar á vefsíðum sínum og þá sérstaklega um meðferð og úrskurði mála.

Í því samfélagi sem við búum í dag er mikilvægi internetsins fullljóst. Markvisst er unnið að því að færa stjórnsýslu yfir á rafrænt form og gera þegnum landsins kleift að sinna sínum málum rafrænt, á þetta við hvort sem litið er til samskipta við opinbera stjórnsýslu, skattfyrirvöld eða banka. Það er því full ástæða til að gera þá kröfu til upplýsinga og málsmeðferða stjórnvalda. Aukin réttarvernd fellst í birtingu úrskurða einstakra stjórnvalda og getur það verið mikilvægt fyrir framgang einstakra mála og fordæmisgildi að hafa aðgang, með auðveldum hætti, að viðeigandi upplýsingum. Ástæða er til að taka dæmi af tveimur embættum sem hafa undir höndum málsmeðferð vegna mála einstaklinga og fyrirtækja, yfirskattanefnd og ríkisskattstjóri. Þessir aðilar eru meðal annars gagnrýndir í skýrslu Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins: *Skattkerfi atvinnulífsins*, en eins og það kemur fram skortir verulega á aðgengi að úrskurðum og álitum vegna fyrri mála hjá þessum embættum á vefsíðu þeirra. Þó verður hér að hæla Yfirskattanefnd fyrir gott viðmót þegar til þeirra er leitað vegna upplýsinga sem ekki voru aðgengilegar á vefnum.

Mikill vinnusparnaður til lengri tíma litið fellst í almennri upplýsingagjöf og birtingu upplýsinga og úrskurða á vefnum en engin sjáanleg ástæða er til að undanskilja þessa vinnu stjórnvalda frá annarri

skyldu þeirra til upplýsingagjafar. Mjög ómarkvisst er það markmið sem sett er fram í ofangreindu frumvarpi en til að koma þessu í framkvæmd mætti hafa ákveðinn aðlögunartíma þar sem viðkomandi stjórnvaldi gæfist tími til að færa tilheyrandi upplýsingar yfir á það form sem þarf svo hægt sé að gera aðgengilegt á vefsíðum þeirra. En verður að telja mikilvægt að þetta sé sett fram sem markmið en ekki aðeins marklaus tilmæli.

Í annan stað verður að gera stuttlega athugasemd við skilgreiningar upplýsingaskyldu einkaaðila vegna opinberra verkefna. Núgildandi lög ná til aðila sem eru hluti af stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, en þess að auki ná þau til einkaréttarlegra aðila sem hefur verið falið stjórnsýsluákvörðunarvald. Með framlögðum breytingum er lagt til að útvíkka gildissvið laganna þannig að þau nái einnig til þeirra fyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags og einkaréttarlegra aðila sem er falið opinber verkefni á grundvelli samninga, ákvarðana eða laga. Eðlilegt verður að telja að upplýsingaskylda sú er í frumvarpinu felst nái einnig til þeirra sem hér um ræðir og taki um leið á þeim vafatilfellum sem geta komið upp þegar um félag er að ræða sem gegnir opinberu hlutverki og er í eigu hins opinbera. Það verður þó að setja varnagla við skort á afmörkun og skilgreiningu á opinberu verkefni og hversu langt upplýsingaskyldan nær. Ekki má setja með ákvæði þessu skyldu á einkaaðila sem gengur út fyrir eðlileg viðmið í upplýsingagjöf og verður verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi aðila. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að upplýsingaskylda eigi aðeins við um þær upplýsingar sem að viðkomandi verkefni snúa, getur þó verið erfitt að aðgreina þetta t.d. þegar um útboð er að ræða. Mætti koma til nánari skilgreining á því hvað fellur hér undir og hvað ekki og hvort krafa er gerð um aðskilnað í reikningshaldi einkaaðila sem taka við opinberu verkefni, full ástæða er til að girða fyrir þau vafatilfelli sem upp geta komið.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands